



Fundargerð stjórnar HSI

Fimmtudaginn 15. apríl 2021



Fyrsti fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 11.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Mótamál meistaraflokka

Helstu umræðupunktur á fundinum:

Rætt um leið C, spila deild og bikar og sleppa úrslitakeppni.

+ Getur verið erfitt fyrir félög að safna auglýsingatekjum í haust þegar tímabil er að fara í gang.

+ Leikmenn verða búnir að skipa um lið.

- Fá félög töluðu fyrir þessu á formannafundi.

- Ólíklegt að það verði áhorfendur í vor.

- Bikarkeppnin mun riðla keppni í öðrum deildum.

Rætt að halda bikarkeppni yngri flokka inni þrátt fyrir að hún geti ekki verið í Laugardalshöll, mikill vilji til þess. Ekki hægt að flytja hana fram á haust vegna færslu milli flokka.

Leið A

+ Mikill ávinningur að lenda í efstu tveimur sætum.

+ Mikil keppni um efstu 4 sætin í deildinni.

- Færri lið í úrslitakeppni gæti þýtt minni umfjöllun.

- Möguleiki á að mörg lið hafi ekki að neinu að keppa mjög fljótlega.

Leið B

+ Fleiri lið hafa tækisari á að taka þátt í úrslitakeppni.

+ Líklegt að lið hafi að einhverju að keppa fram í síðustu umferðir.

+ Breiðari samstaða meðal félaga.

- Lítill ávinningur af því að lenda í efri hluta þar sem heimavallaréttur er farinn út.

- Drastískari breyting á fyrirkomulagi, oddaleikir detta út.

Fleiri voru á því að leið B væri sú leið sem ætti að fara og fær hún því stuðning stjórnar.

Upp kom umræða um svokallaða sænska leið í úrslitakeppninni þar sem lið 1-3 fá að velja sér andstæðing í 8 liða úrslitum. Með þessu væri búið að koma til móts við þau rök að lítill ávinningur sé að því að lenda í efstu sætunum sé leið B farin. Almenn ánægja var með þessa hugmynd og vilji til þess að kanna hvort hægt væri að fara með hana áfram.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari